

Dalvíkurbyggð 11. mars 2014

Kæru foreldrar/forráðamenn barna sem hefja grunnskólagöngu haustið 2014

Í Dalvíkurbyggð starfa tveir skólar á grunnskólastigi, Árskógarskóli (1. – 7. bekkur auk leikskólastigs) og Dalvíkurskóli (1. – 10. bekkur). Skólaakstur er í boði milli þéttbýliskjarmanna svo mögulegt er að barn frá Dalvík sækji skóla í Árskógi og öfugt. Þar sem valið er ykkar biðjum við ykkur góðfúslega að innrita barnið í annan hvorn skólann fyrir 1. apríl.

Innritun nýrra nemenda fer nú fram í gegnum rafræn eyðublöð á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Vinsamlega farið á íbúagáttina á slóðinni <http://min.dalvikurbyggd.is> til að innrita nemendur í skólann.



Til að skrá sig inn á íbúagáttina þarf notandi að hafa Íslykil. Hafir þú ekki Íslykil getur þú sótt um hann [hér](#).

Starfsfólk skólanna veitir nánari upplýsingar og aðstoð ef með þarf. Hægt er að hringja í skólastjóra Árskógarskóla í síma 460-4971 eða senda tölvupóst á gunnthore@dalvikurbyggd.is.

Hægt er að hringja í Dalvíkurskóla í síma 460-4980 eða senda tölvupóst á netfangið ritari@dalvikurbyggd.is.

Virðingarfyllt,

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
skólastjóri Árskógarskóla

Björn Gunnlaugsson
skólastjóri Dalvíkurskóla

<http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/> <http://dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli/>